



Reykjavík  
8. mars 2018

**Efni: Umsögn Menntavísindasviðs um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**

Frumvarp það sem hér er lagt fram til umsagnar byggist á metnaðarfullum áformum um að efla gæði og fjölbreytni menntunar á öllum þremur skólastigum sem frumvarpið tekur til, það er leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verði frumvarpið að lögum skapast mikill sveigjanleiki í inntaki og skipulagi kennaramenntunar og að sama skapi er mikið traust sett á háskóla að tryggja gæði námsins og inntak þess. Lagt er til að gefið verði út eitt leyfisbréf til kennslu sem staðfesting á hæfni sem leik-, grunn- og framhaldsskólakennarar þurfa að búa yfir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að breytingarnar leiði til „aukins sveigjanleika og flæðis kennara milli skólastiga, hvatningu til starfsþróunar, gæði menntunar og fjölbreytileiki verði meiri, auk þess sem stuðlað verði að bættu starfsöryggi kennara“. Ég fagna þeirri staðfestingu sem í frumvarpinu felst á mikilvægi fagmennsku, hæfni kennara og faglegu sjálfstæði þeirra.

Menntun kennara tekur mið af þeim lögum og viðmiðum sem stjórnvöld setja. Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur lagt metnað í að þróa og móta öflugt nám leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, í samstarfi við önnur fræðasvið. Deildir sviðsins bjóða upp á fjölbreyttar leiðir í kennaranámi og er lögð áhersla á samvinnu milli deilda um námskeið í uppeldis- og kennslufræði, sem og mikilvæg grunnnámskeið sem nýtast mismunandi nemendahópum. Mikilvægar áskoranir menntakerfisins snúa ekki síst að skólum landsins og lyklatríði er að þar starfi fagfólk sem býr yfir hæfni og þekkingu til að leiða skólaþróun. Hér fyrir neðan er fjallað um nokkra efnisþætti frumvarpsins sem komið hafa til umræðu innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Á stöku stað er vísað til umsagna sem hafa borist frá deildum Menntavísindasviðs. Margir hafa tekið þátt í umræðunni sem hefur verið lífleg og gagnleg. Þau viðmið sem stjórnvöld setja um leyfisbréf og menntun kennara skipta miklu máli og hafa áhrif á skipulag og inntak námsins.

**Flæði kennara milli skólastiga**

Tekið er undir mikilvægi þess að stuðla að flæði kennara milli aðliggjandi skólastiga, leikskóla og grunnskóla annarsvegar og grunnskóla og framhaldsskóla hinsvegar. Það er ótækt með öllu, svo dæmi séu tekin, að leikskólakennarar sem starfa við kennslu á yngsta stigi grunnskóla séu ráðnir sem leiðbeinendur en ekki fullgildir kennarar, og að framhaldsskólakennarar sem ráði sig til faggreinakennslu á efri stigum grunnskóla njóti ekki starfsréttinda eða öryggis. Eitt leyfisbréf til kennslu

er róttækt skref sem ekki hefur verið tekið hjá öðrum þjóðum og ljóst að skiptar skoðanir eru um möguleg áhrif þess. Þá virðist óljóst hvaða lagalega vægi sérhæfing hefur þegar kemur að ráðningu kennara, þar sem um eitt leyfisbréf til kennslu verður að ræða. Rétt er því að skoða vandlega bæði mögulegar jákvæðar afleiðingar og neikvæðar afleiðingar að taka upp eitt leyfisbréf.

### **Hæfniramma kennara í lögum**

Frumvarpið felur í sér að lögfest verði í fyrsta sinn ákvæði um *hæfni* sem kennarar þurfa að búa yfir, annars vegar almenna hæfni og hins vegar sértæka hæfni, til að uppfylla markmið frumvarpsins. Í frumvarpinu er almenn hæfni kennara skilgreind í 4. gr. laganna. Af því tilefni er rétt að vekja athygli á nauðsyn þess að í almennum hæfniviðmiðum fyrir kennarastarfið sé einnig talað um hæfni til að fylgja eftir markmiðum skóla án aðgreiningar. Í Aðalnámskrám er menntun án aðgreiningar lýst sem grundvallar hugmyndafræði íslensks skólustarfs. Lög um grunnskóla leggja áherslu á samfélagslegt hlutverk skóla og rétt væri að slíkt hlutverk endurspeglist í almennum hæfniviðmiðum. Ég bendi einnig á ábendingar varðandi almennu hæfniviðmiðin í umsögn frá Deild kennslu og menntunarfræði. Rannsóknarstofa um skólaþróun hefur gert athugasemd við að hæfni kennara sé skilgreind í lögum í umsögn sinni. Gera má ráð fyrir að kröfur um hæfni og þekkingu kennara þróist og séu breytilegar, og því vekur það spurningar að skilgreina hæfni í lagaramma.

### **Sérhæfð hæfni**

Sérhæfð hæfni kennara er skilgreind í 5. gr. og lýst er sex ólíkri gerð sérhæfinga. Fram kemur að sérhæfð hæfni „geti falið í sér eftirfarandi sérhæfingu“. Óljóst er hvað löggjafinn á við með þessu orðalagi. Verða fleiri gerðir af sérhæfingu skilgreindar í reglugerð sem til stendur að smíða? Ýmsar spurningar vakna um lagalegt vægi sérhæfinga sem annars vegar er skilgreind í lagaramma og hinsvegar í reglugerð. Verður einstaklingur sem sækir um leyfisbréf að uppfylla skilyrði sérhæfingar samkvæmt 5. grein laganna eða nægir að uppfylla skilyrði sérhæfingar sem skilgreind er í reglugerð? Einnig vaknar spurning hvort sú sérhæfing sem skilgreind verður í reglugerð verði tilgreind á leyfisbréfi.

Rétt er að rifja upp að samkvæmt lögum frá 2008 og reglugerð frá 2009 sem var endurbætt árið 2017 er um að ræða þrennskonar leyfisbréf: leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari. Þær sérhæfingar sem hér eru kynntar byggjast á ofangreindum skólastigum og það kemur á óvart að ekki sé horft til þess að sérhæfing gangi þvert á skólastig. Benda má á að leyfisbréf kennara í Noregi eru þannig að leyfisbréf grunnskólakennara eru tvönnskonar: Grunnskólakennari 1.-7. bekk og grunnskólakennari 5.-10. bekk. Þá fá framhaldsskólakennarar jafnframt leyfisbréf sem gildir í efri bekkjum grunnskóla. Bent hefur verið á að sérhæfing fyrir leikskóla- og grunnskólastigin séu mjög opin, eins og þau eru skilgreind í frumvarpinu. Deildir Menntavísindasviðs hafa í umsögnum sínum gert frekari athugasemdir við þá sérhæfingu sem skilgreind er í lagafrumvarpinu og kallað eftir skýrari lýsingu á inntaki sérhæfingar.

## **Þekking á faggreinum og námssviðum**

Frumvarpið felur í sér verulegar breytingar um lágmarkspekkingu í faggreinum og námssviðum skólustarfs. Þetta atriði er umdeilt meðal kennara á Menntavísindasviði sem leggja til að gerð sé stigvaxandi krafa um faggreinaþekkingu innan grunnskólans og skýrari kröfur um þekkingu á menntunarfræði yngri barna á leikskólastiginu, sjá nánar umsagnir deilda Menntavísindasviðs.

Í sérhæfingarkafla frumvarpsins er talað um „greinasvið“ grunnskóla, mætti frekar tala um faggreinar og námssvið. Mikilvægt er að hafa hugfast að hlutverk skóla hefur gjörbreyst á undanförunum áratugum og mun halda áfram að breytast. Sífelld koma upp nýjar hugmyndir um nám og þroska og því þarf að skapa svigrúm fyrir sérhæfingu sem byggist á nýjum námssviðum, s.s. heilsueflingu og tómsundafræði. Í því samhengi er hér bent á umsögn frá Deild heilsueflingar, íþróttá og tómsunda þar sem lögð er fram tillaga um sérhæfingu tómsundakennara.

## **Starfsþróun kennara**

Þá ítrekar frumvarpið mikilvægi starfsþróunar og að menntun kennara sé í raun ævilöng. Að loknu námi halda kennarar áfram að efla fagmennsku sína, ýmist með formlegum eða óformlegum hætti. Í því ljósi er bent á mikilvægi þess að skilgreina betur í lögum hvert sé hlutverk háskóla þegar kemur að starfsþróun og símenntun kennara og annarra fagstétta í menntakerfinu. Verði frumvarp þetta að lögum má ljóst vera að styðja þarf við öfluga starfsþróun og uppbyggingu lærdómssamfélaga innan skóla. Starfsþróun er liður í því að kennarar bæti við sig frekari sérhæfingu, en það er óljóst með hvaða hætti skólastjórnendur eigi að leggja mat á hæfni kennara hverju sinni, til að mynda við ráðningar kennara og þegar kennarar færa sig á milli skólastiga og/eða fagsviða.

## **Kennararáð**

Samkvæmt frumvarpinu verður sett á stofn kennararáð sem sé samstarfsvettvangur um kennarastarfið, kennaramenntun og starfsþróun. Því er hér fagnað að til verði slíkur vettvangur og að samvinna verði um mótun hæfniviðmiða og krafna um sérhæfingu á hverju skólastigi. Hlutverk kennararáðsins er mjög víðtækt en á sama tíma er valdsvið þess óljóst, til að mynda hve ráðandi þessi starfshópur á að vera varðandi mótun kennaramenntunar eða um mat á hæfni kennara. Hér er lagt til að í stað þess að nota hugtakið „sérfræðingur“ sé talað um „fulltrúa“ ólíkra stofnana sem eiga sæti í ráðinu.

## **Áhrif á kennaramenntun**

Lagt er til í 8. gr. frumvarpsins að háskólum verði gert kleift að skipuleggja kennaramenntun bæði á stigi 2.1 og 2.2. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Þetta felur í sér að hægt er að bjóða upp á val á milli þess að vinna að 30 eininga rannsóknartengdu lokaverkefni á lokaári eða taka samsvarandi einingafjölda í námskeiðum, svokallaðan „kenndan master“. Þetta skapar ákveðin tækifæri fyrir nemendur og verður góður valkostur.

Verði frumvarpið að lögum skapast mikill sveigjanleiki í inntaki og skipulagi kennaramenntunar og að sama skapi er mikið traust sett á háskóla að tryggja gæði námsins og inntak þess. Kennaranemar munu hafa mun meira svigrúm í sínu námi, og verður gert kleift að sækja sér fleiri en eina sérhæfingu.

Þá er rétt að minna á að Menntavísindasvið stendur að menntun fleiri mikilvægra fagstétta sem starfa ýmist innan skóla eða í nánu samstarfi við starfsfólk skóla, þ.e. þroskaþjálfar, tólmstunda- og félagsmálafræðingar og uppeldis- og menntunarfræðingar. Innan þessara fagstétta býr mikil þekking og uppeldisleg sýn sem skiptir sköpum í lífi margra barna og ungmenna. Við þróun og mótun kennaranáms er mikilvægt að horft sé til þess að kennaranemar geti sótt valnámskeið víða að og þar með dýpkað þekkingu sína á ólíkum þroska- og námssviðum, sem og mismunandi aðferðum til að virkja og valdefla nemendur.

Ekki er minnst á vettvangsnám í drögum að frumvarpinu og óljóst hvort að þær 60 einingar í uppeldis- og kennslufræði sem tilgreindar eru í 8. gr. sem skilyrði leyfisveitingar eigi að innibera vettvangsnám eða ekki. Verði frumvarpið að veruleika er rétt að hafa í huga að fjalla sérstaklega um vægi vettvangsnáms í reglugerð. Í umræðu innan Menntavísindasviðs hefur komið fram að mörgum þyki 60 einingar í uppeldis- og kennslufræði ekki nægilegur grunnur. Á það ekki síst við um leikskólastigið þar sem menntunarfræði yngri barna er grunnur að fagmennsku og hæfni leikskólakennara. Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) hefur skilað inn sérstakri umsögn þar sem nánari rök eru færð fyrir því að gera skýrari kröfur um fagþekkingu leikskólakennara.

## **Að lokum**

Menntavísindasvið fagnar aðgerðum stjórnvalda til eflingar kennarastéttar, þ.e. fyrirhuguðum námsstyrkjum og launuðu starfsnámi. Ljóst er að vilji stjórnvalda er til góðra verka og sóknar í menntamálum. Til að markmið laganna nái fram að ganga um fjölbreytni og aukin gæði í skólastarfi tel ég að stíga þurfi djarfari skref í því að móta nýjar gerðir sérhæfingar, til að mynda sérhæfingu sem gengur þvert á skólastig og sérhæfingu sem tengist námssviðum skólastarfs. Ég tel mikilvægt að málið verði unnið áfram í góðri samvinnu við háskóla sem mennta kennara, kennara á öllum skólastigum, sveitarfélög, skóla landsins og aðra hagaðila.

Virðingarfyllst,

*Kolbrún Þ. Pálsdóttir*

Forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands